

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/2587*  
*komudagur 7.S. 2008*

**SAM**  
SAMTÖK  
AFURÐASTÖÐVA Í  
MJÓLKURIÐNAÐI

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5.5.2008

**Efni: Umsögn um 524. mál; frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn**

Eitt helsta samkeppnisforskot sem íslenskur landbúnaður og úrvinnslugreinar hans hafa í samkeppni við erlendar matvörur er hreinleiki íslenskra landbúnaðarvara. Notkun vaxta-hormóna við búfjárframleiðslu er algeng erlendis, auk þess sem alvarlegir búfjárjúkdómar, t.d. kúariða, hafa ítrekað brotist út með þeim afleiðingum að afurðir frá viðkomandi löndum hafa verið dæmdar óneysluhæfar og þeim fargað.

Með frumvarpi því sem hér er fjallað um er ætlunin að opna fyrir innflutning á hráu kjöti og ógerilsneyddri mjólk til Íslands, ásamt því að breyta eftirlitskerfi fyrir framleiðslu, vinnslu og sölu matvæla. Með þeim breytingum er ástæða til að óttast að traust neytenda til hreinleika innlendra landbúnaðarafurða tapist, því erfitt verði að greina á milli innlendar framleiðslu og innfluttrar.


Frumvarpið er mjög umfangsmikið og samþykkt þess hefði viðtæk áhrif á framleiðslu og sölu mjólkur á Íslandi. Einnig er ljóst að með samþykkt frumvarpsins yrði Íslandi skylt að innleiða fjölda evrópskra reglugerða, sem hefðu mikil áhrif á matvælaframleiðslu og framkvæmd matvælaeftirlits héraendis. Engin leið er að sjá áhrif reglugerðanna fyrir vegna þess að útfærslur á einstökum greinum þeirra eru varla hafnar héraendis.

Í frumvarpinu er lagt til að fella niður greiðslur vegna skipulagðra bakvakta dýralækna á nokkrum svæðum landsins. Eindregið er varað við þessum hugmyndum vegna hættu á skertri þjónustu á þeim svæðum.

Það er íslenskum mjólkuriðnaði, starfsmönnum hans og mjólkurframleiðendum öllum, afar mikilvægt að svo róttækar breytingar verði ekki knúnar fram án þess að tími gefist til ítarlegs undirbúnings.

Vegna umfangs breytinganna sem frumvarpið hefði í för með sér er þess eindregið óskað að samþykkt þess verði frestað a.m.k. til haustsins 2008.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf og aðildarfélaga samtakanna,

  
Magnús H. Sigurðsson  
framkvæmdastjóri